

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t. Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 23. nóvember 2011.

Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (195.mál) – viðbótarumsögn.

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á fjölmörgum sköttum, þ.m.t. kolefnissköttum.

Meðal margra þeirra skattahækkana sem frumvarp þetta felur í sér er hækkun kolefniskatts og breikkun á gjaldstofni skattsins með þeim hætti að m.a. rafskaut og skyldar vörur falla þar undir. Þessi breyting hefur verið harðlega gagnrýnd síðustu daga þar sem hún vegur að núverandi atvinnurekstri og setur fjárfestingaráform í uppnám. Viðskiptaráð tekur undir þá gagnrýni.

Bent hefur verið á álagning kolefniskatts muni stefna rekstrarforsendum m.a. kísil- og járnblendiiðnaðar hérlendis í tvísýnu. Gagnrýnin lýtur annars vegar að álagningu skattsins almennt, sem er ekki í samræmi við skattaumhverfi sambærilegra fyrirtækja í nágrennalöndum okkar. Þessi skattalega sérstaða Íslands (ein af mörgum) er staðfest í greinargerð frumvarpsins, en þar segir m.a. „Ljóst er að taka þarf álagningu kolefnisgjalds til frekari skoðunar á næsta ári með hliðsjón af þeim breytingum sem framundan eru á viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda, en þær eru meðal annars fólgnar í því að losun frá álverum og járnblendi mun að öllum líkindum verða háð losunarheimildum frá og með 1. janúar 2013. Óljóst er hvað muni taka við þegar fyrsta tímabili Kyoto-bókunarinnar lýkur. Það er meðal annars ástæða þess að breikkun gjaldstofnsins tekur einungis til eins árs í þessu frumvarpi, en hugmyndin er sú að skoða málið heildstætt á árinu 2012.“


Hins vegar hefur fjárhæð skattsins verið gagnrýnd. Við mat á því má hafa hliðsjón af því hvernig skatturinn mun koma til með að leggjast á tvö tiltekin fyrirtæki, Thorsil ehf. sem vinnur að uppbyggingu kísilmálmverksmiðju á Bakka og Elkem á Grundartanga. Hvað Thorsil varðar mun félagið greiða á árinu 2013 um 242 mkr. og ef hækkun skattsins gengur eftir á árunum 2014 og 2015 verður árleg skattgreiðsla félagsins ríflega 485 mkr. Í tilviki Elkem mun þessi skattur leiða til 430 mkr. greiðslu árið 2013 og um 860 mkr. árlega eftir árið 2015, sem er tvöfalt hærra en meðal hagnaður félagsins undanfarin 10 ár eða 85% af heildarlaunakostnaði þess. Arðsemi af starfsemi þessara tveggja fyrirtækja verður því óviðunandi náí tillögur í framvarpi fram að ganga og um leið er hagsmunum hundruða starfsmanna fyrirtækjanna og afleiddum störfum stefnt í hættu.

Neikvæð áhrif þessarar skattlagningar yrðu því með öllu óásættanleg, sérstaklega í ljósi þeirrar smávægilegu tekjuaukningar sem hækkun og breikkun skattsins er talin skila ríkissjóði. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir að tekjuöflun nemi 1,5 mö. kr. árið 2013. Til samanburðar eru árlegar útsvars-, tekjuskatts- og tryggingagjaldsgreiðslur Elkem um 540 mkr. Þá eru ótalin neikvæð skattaleg áhrif nýframkvæmda og verkefna fyrirtækja eins og Thorsil og Íslenska kísilfélagsins í Helguvík, auk áhrifa á rekstur Landsvirkjunar þegar arðsemisforsendur verkefna sem nú er samið um eru ekki lengur til staðar. Að lokum er vert að nefna að skatturinn er á skjön við gildandi fjárfestingasamninga í orkufrekum iðnaði og samkomulag fjármálaráðuneytisins og nokkurra stóriðjufyrirtækja um raforkuskatta og fyrirframgreiðslu tekjuskatts frá því í desember 2009.

Um leið og ljóst er að orkufrek starfsemi þarf þrífast í sátt við umhverfið og samfélag er afar mikilvægt að íslensk stjórnvöld vandi til verka og grípi ekki til álaga sem eru á skjön við eða umfram það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar. Þannig dregur úr samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og trúverðugleika stjórnvalda, sem hvoru tveggja eru forsendur þess að laða að erlenda fjárfestingu.

Viðskiptaráð leggur til að fallið verði frá áformum um hækkun kolefnisskatts og breikkun skattstofnsins.

Virðingarfyllst,



Haraldur I. Birgisson

Aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráð

Tengdar fréttir:

- [Nýtt kolefnisgjald sagt setja allan kísiliðnað héraendis í uppnám](#)
- [Forsendur fyrir rekstri Elkem brostnar með nýjum skatti](#)
- [Fjármálaráðherra gengur gegn samkomulagi](#)
- [Fundað um kolefnisskatt](#)
- [Stóriðjufyrirtæki skattlögð úr landi](#)
- [Fjármálaráðherra: Landið engin skattaparadís fyrir mengandi starfsemi](#)
- [Samkeppnishæfni Íslands hverfur með kolefnisgjaldi](#)
- [Atvinnuöryggi starfsmanna Elkem Ísland stefnt í voða vegna nýs skatts](#)
- [Loka ef skattur verður lagður á](#)
- [Störfin skattlögð burt](#)